

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1009

Dagsetning: 4. janúar 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elínborg Bárðardóttir, settur fagstjóri lækninga í Heilsugæslunni Efstaleiti, sat fundinn undir lið 3. Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi og A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sátu fundinn undir lið 5.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 12. desember 2023 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Samstarf heilsugæslustöðva

Elínborg Bárðardóttir, settur fagstjóri lækninga í Heilsugæslunni Efstaleiti, kom á fundinn til að ræða áframhaldandi samstarf heilsugæslustöðvanna í Efstaleiti og Glæsibæ. Samtal við starfsfólk stöðvanna um mögulega útfærslu er enn í gangi og verður haldið áfram. Rætt um nýtingu á húsnæði í neðri hæð í Glæsibæ.

4. Starfsmannamál

Rætt var um ýmis starfsmannamál. Farið var yfir drög að uppfærðum reglum um heilsuefningarstyrk fyrir starfsfólk og ákveðið að fá innlegg frá launadeild varðandi útfærslu á greiðslum áður en verklagsreglurnar verða samþykktar. Rætt var um ýmis mál tengd kjarasamningum og stofnanasamningum.

5. Starfsdagur stjórnenda

Sigurborg Jónsdóttir og A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafar komu á fundinn og kynntu niðurstöður starfsdags stjórnenda. Málið verður unnið áfram og boðaður sérstakur fundur um starfsdaginn þegar mannauðssvið hefur unnið málið áfram.

6. Húsnæðismál

Umræður um þarfagreiningu fyrir heilsugæslustöðvar í Miðbæ og Hafnarfirði, sem er langt komin. Einnig rætt um að setja í gang þarfagreiningu fyrir skrifstofu HH og miðlægar einingar enda stutt í að samningur um húsnæði skrifstofu renni út.

7. Tilnefning í starfshóp

Óskað hefur verið eftir tilnefningu frá HH í starfshóp um rétta þjónustu á réttum stað í síðasta lagi 15. janúar. Ákveðið að RÓE verði tilnefnd fyrir hönd HH.

8. Reglugerð um gjaldskrá

Breytingar voru gerðar á reglugerð um gjaldskrá um áramót. Upplýsingar um breytingarnar hafa verið sendar á stjórnendur.

Aðgerðir og verkefni

- Áfram þarf að vinna að auknu samstarfi stöðva, sjá lið 3.
Ábyrgð: RÓE og NSK
- Hafa þarf samband við launadeild og bæta inn útfærslu á greiðslum í drög að verklagsreglum HH vegna heilsustyrks, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKP
- Boða þarf sérstakan fund um starfsdag stjórnenda þegar mannauðsráðgjafar hafa unnið málið aðeins áfram, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf áfram vinnu við þarfagreiningar fyrir heilsugæslustöðvar og hefja vinnu við þarfagreiningu fyrir skrifstofu og miðlægar einingar, sjá lið 6.
Ábyrgð: HP
- Ganga þarf frá tilnefningu RÓE í starfshóp, sjá lið 7.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:10.